

34

25. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna skömmtnar á innflutningi saltfiskjar í sumum viðskiptalöndum Vorum sé það óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái íhlutunarvald um útflutning þessarar vöru héðan. Telur dóms- og útvegsmálaráðherra því nauðsynlegt að ríkisstjórnin fái vald til þess að ráðstafa útflutningi þessarar vöru tegundar, svo að hann verði í samræmi við ákvarðanir innflutningslandanna.

Þar sem nú er svo ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 25. maí 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.